



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 4. desember, 2009

Ákvörðun nr. 38/2009

## **Kaup Reykjanesbæjar á hlutafé í HS veitum hf.**

Með tilkynningu sem barst Samkeppniseftirlitinu 30. október 2009 var stofnuninni tilkynnt að með samkomulagi um sölu á hlut Reykjanesbæjar í HS orku myndi sveitarfélagið fá greitt með hlutafé í HS veitum og í kjölfarið fara með yfirráð yfir félaginu. Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Viðskipti þessi tengjast yfirtöku GGE á HS orku sem fjallað var um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2009 *Samruni Geysis Green Energy og HS Orku* en hlutaféð sem Reykjanesbær fær í HS Veitum er gagngjald fyrir hlutaféð sem Geysir Green Energy fékk í HS Orku. Þá er Orkuveita Reykjavíkur eigandi að tæplega 16,6% hlut í HS veitum en Samkeppniseftirlitið setti vissar takmarkanir á eignarhald Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja (sem nú verið skipt í HS Orku og HS Veitur) með ákvörðun nr. 23/2008 *Kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja*, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 5/2009 *Orkuveita Reykjavíkur gegn Samkeppniseftirlitinu* og í máli nr. 7/2008 *Orkuveita Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbær gegn Samkeppniseftirlitinu*. Í samrunamáli þessu er aðeins tekin afstaða til yfirráða Reykjanesbæjar yfir HS veitum.

Reykjanesbær er sveitarfélag og hefur með höndum ýmis konar starfsemi. Samkvæmt samrunaskrá sinnir sveitarfélagið almennri stjórnslu í Reykjanesbæ. HS veitur varð til við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja. Tilgangur HS veitna er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er dreifing raforku sérleyfisstarfsemi. Er hver dreifiveita því í einokunarstöðu innan síns dreifisvæðis. Þá starfrækja HS Veitur hitaveitu í samræmi við ákvæði orkulaga nr. 58/1967 en þau mæla fyrir um að starfsemi hitaveitna sé háð einkaleyfi. Falla starfssvæði HS Veitna í dreifingu á heitu vatni og rafmagni ekki algerlega saman. Þá dreifa HS veitur köldu vatni í samræmi við ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 en slík dreifing er á meðal þeirra skyldna sem hvíla á sveitarfélögum.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.



**Ákvörðunarorð:**

**„Með samningi um skipti á 34% hlutfjár í HS orku fyrir 32% hlutfjár í HS veitum náði Reykjanesbær yfirráðum yfir HS veitum. Telst vera um samruna að ræða í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson